

### 3. fundur haldinn fimmtudaginn 9. október 2013 og hófst hann í fundarsal Ráðhús Stykkishólms kl. 13:00

#### Mættir:

Berglind Axelsdóttir - Stykkishólmi  
AlmaDís Kristinsdóttir - safnstjóri  
Þórður Magnússon - Grundarfjörður  
Laufey Bjarnadóttir – Eyja- og Miklaholtsh.  
Kristín Björg Árnadóttir - boðaði forföll

#### Dagskrá fundarins:

##### 1. Nýjar úthlutunarreglur Safnaráðs

Farið var yfir þá punkta sem AlmaDís sendi á stjórn og framkvæmdaráð 2. okt. um nýjar kröfur safnaráðs til þess að hljóta formlega viðurkenningu. Formleg viðurkenning Safnaráðs er forsenda þess að fá úthlutað úr safnasjóði sem hefur í raun verið líflína safnsins. Umsókn um viðurkenningu þarf að ljúka 15. nóv. Umsókn í Menningarráð verður líklega um svipað leyti og umsókn í safnasjóð þarf að ljúka 15. des. 2013.

Þór mun sjá um fjárhagsáætlun og og að fá endurskoðanda Stykkishólmsbæjar til þess að endurskoða hana.

Afrit af gildandi stefnumörkun og söfnunarstefnu. Þórður lagði til að þetta yrði tekið úr umsókn í safnasjóð fyrir árið 2013 og unnið með copy/paste aðferðinni.

Varðandi neyðaráætlun þá fékk AlmaDís öryggishandbók Listasafns Reykjavíkur sem hægt er að hafa til hliðsjónar og leiðbeiningar frá Þjóðminjasafni. Berglind athugar hvort til sé viðbragðsáætlun Stykkishólmsbæjar.

Samþykkt var að leggja til fjármagn í kaup á ljósmæli, hita- og rakamæli sem hægt er að tengja við tölvu. Mikilvægt er að setja tölvukaup á fjárhagsáætlun 2014 þar sem önnur af tveimur tölvum safnsins gekk úr sér í sumar. Þá þarf að kaupa slökkvitæki en nú eru eingöngu tvö slökkvitæki í safninu í safninu sem þarf að yfirfara.

Afrit af starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits er í vinnslu. Ætti ekki að kosta mikið.

Kaupa þarf nýtt öryggiskerfi fyrir geymslu á Reitarvegi og yfirfara þarf kerfi í Norska húsi. Samþykkt að kaupa nýtt kerfi sem kostar 358.664. Þórður spurði hvort ekki væri sniðugt að hafa eftirlitsmyndavélar. Gæti verið framtíðarmúsík.

Farið var betur yfir hækkun gjalda á skráningakerfinu Sarpi sem er umtalsverð á milli ára og gera þarf ráð fyrir því í fjárhagsáætlun 2014. Hækkunin kom til á miðju ári 2013 vegna samstarfs við Landskerfi bókasafna og Gegni og hefur því einnig áhrif á fjármál þessa árs.

AlmaDís minntist á að Margrét Hallgrímsdóttir og jafnvel Sigurjón B. Hafsteinsson verði hér í Stykkishólmi 28. – 31. október. Hún hefur sent þessar dagsetningar til formanns framkvæmdaráðs.

- 2. Tillaga Ölmudísar um að hafa ekki aðventuopnun í safninu í ár vegna stöðu verkefna, aukins og óvænts kostnaðar vegna þeirra og tímaskorts. Hún óskar eftir að taka út sitt sumarleyfi að viðurkenningarferli og styrkumsóknum loknum (15. des) sem annars var áætlað í október.**

Þórður benti á að best væri að bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar taki þessa ákvörðun. Málið verður lagt fyrir bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar.

**Fleira ekki gert og fundi slitið 14:15**

*Berglind Axelsdóttir*